

# Ólsen-Ólsen

---

Spil fyrir 2-5.

**Gögn:** Spilastokkur með 52 spilum.

**Undirbúningur:** Gefið er sólarinnis og fær hver spilari fyrst þrjú spil og síðan tvö. Það sem eftir er af stokknum er lagt á grúfu á borðið og efsta spilið sett upp í loft við hlið hans. Sá sem er á vinstri hönd við þann sem gaf byrjar að gera og hann á líka að gefa næst.

**Gangur spilsins:** Spilið gengur út á að losna við öll spilin af hendi. Sá sem á leik leggur spil af sama lit eða með sama gildi og spilið sem snýr upp ofan á það spil. Dæmi: Efsta spilið er hjarta þristur. Þá má leggja annað hvort hjarta fjarka ofan á eða þrist af annarri sort. Áttunnar má nota til að “breyta” með og geta því komið í staðinn fyrir hvaða spil sem er. Ef átta snýr upp í byrjun spils má leggja hvaða spil sem er ofan á hana. Ef spilari getur ekki eða vill ekki leggja niður spil verður hann að draga eitt spil úr stokknum. Geti hann ekki lagt það niður dregur hann annað spil og enn annað geti hann ekki notað það (ekki má draga oftar en þrisvar).

Leikmenn skiptast á um að gera og í hvert sinn sem röðin kemur að þeim leggja þeir spil í bunkann eða draga úr stokknum. Þegar einhver leggur niður næstsíðasta spilið sitt segir hann “Ólsen” til að vara aðra við því að hann eigi bara eitt spil eftir á hendi. Gleymi hann því verður hann að draga þrjú spil úr stokknum. Segja á “Ólsen, Ólsen” þegar síðasta spilið er lagt niður, gleymist það þarf líka að draga þrjú spil úr stokknum og spilið heldur áfram. Sé stokkurinn búinn áður en spilinu lýkur er efsta spilið í bunkanum skilið eftir í borði, hin stokkuð og stokknum komið fyrir á sama stað og áður.

**Útreikningar:** Þegar einhver spilaranna hefur náð að losna við öll spilin af hendi eru refsstig hinna talin. Þau eru reiknuð út frá spilunum sem þeir hafa á hendi. Hver átta gildir 40 stig, ás 20 stig, mannspilin og tíu 10 stig og tvístur upp í níu 5 stig. Þegar einhver leikmanna er kominn yfir 100 stig er hann sprunginn og hefur tapað spilinu. Fáir einhver nákvæmlega 100 fær hann að byrja aftur á núlli.

Springi enginn spilari í fyrsta spili er spilið endurtekið eins oft og þarf þar til einhver springur. Nýjum refsstigum er bætt við fyrri refsstigum þar til 100 refsstigum er náð.